



## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### **Efni:** *Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar*

#### **Forsaga:**

Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar var stofnaður árið 2005 í tengslum við fyrstu Forvarnastefnu Reykjavíkur, sem samþykkt var á fundi Forvarnanefndar 8. nóvember 2005 og í borgarráði 20. desember sama ár. Tilgangur sjóðsins var að styðja við sérstök forvarnaverkefni í tengslum við stefnuna og aðkomu ólíkra aðila að verkefnum með megináherslu á forvarnir í nærsamfélagi og samstarf innan borgarinnar.

Frá stofnun sjóðsins hefur verið úthlutað árlega t.o.m. ársins 2019 allt að 10 m.kr. á ári til ýmissa verkefna í þágu forvarna, bæði þvert á hverfi borgarinnar og innan hverfa. Á fundi borgarráðs 28. apríl 2011 var samþykkt stofnun nýs Forvarnasjóðs Reykjavíkur sem varð til með sameiningu Silfursjóðs Reykjavíkurborgar, Forvarnar- og framfarasjóðs Reykjavíkurborgar og Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar. Útlutunareglur Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar eru frá 28. apríl 2011 með síðari breytingum samþykktum í velferðarráði 29. mars 2012 og í borgarráði 12. apríl 2012.

Þann 8. apríl 2019 skipaði mannréttinda- og lýðræðisráð starfshóp um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar. Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að rýna og samræma verklag í kringum styrkúthlutanir og koma með tillögur að leiðum til að auka gagnsæi og eftirlit með samningum og úthlutunum styrkja Reykjavíkurborgar. Á meðan hópurinn var að störfum var lagt fram minnisblað í velferðarráði 3. júní 2020 með tillögu um að einfalda styrkveitingar á velferðarsviði. Voru tveir valmöguleikar settir fram sem gengu mislangt og sá sem lengra gekk lagði til að forvarnasjóðurinn yrði sameinaður styrkjaþotti velferðarráðs undir styrkjum borgarsjóðs og var það samþykkt af velferðarráði. Miklir kostir voru taldir felast í slíkri sameiningu bæði fyrir borgarbúa og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Þar sem starfshópur um styrkjamál hafði ekki enn skilað niðurstöðum, heldur var skýrsla tilbúin í drögum, var afraðið að senda minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs og bókun ráðsins sem umsögn við skýrslu hópsins. Starfshópurinn hefur lokið störfum en

tillögur hans hafa ekki allar komið til framkvæmda. Sjá skýrslu starfshóps meðfylgjandi.

Í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er lagt til að einungis verði gerðar smávægilegar breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins til að unnt verði að úthluta úr honum. Breytingarnar eru gerðar vegna þeirra breytinga sem gerðar voru árið 2019 þegar hverfisráðum var breytt í íbúaráð.

### **Breytingartillagan:**

Úthlutun úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar hefur verið á grundvelli reglna sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 28. apríl 2011. Í reglunum kemur fram að úthlutun skuli annarsvegar byggja á hlutfallslegri skiptingu fjármagns eftir fjölda umsókna sem skipt er á milli hverfa í Reykjavík og hinsvegar til almennra forvarnaverkefna þvert á hverfi. Framkvæmd úthlutunar hefur verið á þann veg að samráðshópur um forvarnir leggur faglegt mat á umsóknir þvert á hverfi borgarinnar og sendir tillögur og umsagnir til lokaákvörðunar velferðarráðs. Umsóknir um styrki til hverfislægra verkefna komu til umfjöllunar og samþykktar í hverfaráðum sem nú hafa verið lögð niður. Því er lagt til að reglum um úthlutun úr sjóðnum verði breytt í þá veru að í stað hverfaráða samþykki íbúaráð styrki er varða hverfislæg verkefni. Orðalagi í reglunum verði breytt á þá leið að þar sem vísað er til hverfaráða í 2. - 4. gr., 7. gr. og 10. gr. verði vísað til íbúaráða. Áfram verða almennir styrkir til forvarna veittir þvert á hverfi og velferðarráð tekur ákvörðun um úthlutun á grundvelli mats, tillagna og umsagna samráðshóps um forvarnir.

Þá er lögð til orðalagsbreyting í 1. gr. reglnanna þar sem vísað er til forvarnastefnu, en þar sem hún hefur runnið sitt skeið þykir ekki rétt að vísa til efnis hennar.

Samhliða er lagt til að breyting verði gerð á 8. gr. úthlutunarreglna sem heimili starfsmönnum borgarinnar að sækja um styrki í sjóðinn í samstarfi við aðila utan borgarinnar. Í 8. gr. kemur fram:

#### **8. gr.**

*Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrki til.*

*Lagt er til að hún verði svohljóðandi:*

*Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta einungis sótt um styrk í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir utan Reykjavíkurborgar.*

Snar þáttur í öllu forvarnastarfi er samráð og samstarf milli grasrótarinnar og opinberra aðila. Vitneskja um þörf fyrir verkefni og úrræði liggur á báðum stöðum s.s. gegnum opinber gögn, rannsóknir ofl. Með tillögu að framlögðum breytingum á 8. gr. reglnanna geta starfsmenn borgarinnar haft frumkvæði að verkefnum í samstarfi við aðila utan borgarinnar sem stuðla að eflingu forvarna og / eða koma til móts við þörf sem skapast og ekki hefur verið hægt að áætla fyrir.

Nú á tímum Covid-19 er mikil þörf á aukinni áherslu á forvarnir, sérstaklega er lýtur að heilsu barna og ungmenna en nýjustu rannsóknir sýna merki um aukinn kvíða og einmanaleika meðal þess hóps. Mikilvægt er að það fjármagn sem sett hefur verið til hliðar til að sinna forvörnum nýtist á þann hátt sem áætlað var. Því er nauðsynlegt að gera einfaldar og fljótlegar breytingar á reglum forvarnasjóðsins til að tryggja að verkefni sem geta spornað við slæmum afleiðingum Covid-19 fái fjármögnun. Áfram verði unnið í skrefum að því að einfalda styrkjakerfi Reykjavíkurborgar og sameining forvarnasjóðsins við styrkjaþott velferðarráðs, sem er flóknari framkvæmd, verði áfram á áætlun.

*Fylgiskjal:*

Skýrsla starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar, júní 2020.